



Borgarholtsskóli

Fundargerð

Fundarefni: Aðalfundur foreldraráðs Borgarholtsskóla – fjarfundur á Zoom
Dagsetning: 3. febrúar 2021
Boðaðir: Foreldrar og forráðamenn nemenda Borgarholtsskóla (með tölvupóstum, á vef skólans og á Facebook-síðunni Foreldraráð Borgó)
Mættir: Ragna Heiðrún Jónsdóttir, Ríkharður Jósafatsson, Judith Penrod, Ingibjörg Ágústsdóttir, Helga Björg Dagbjartsdóttir, Guðrún Þórisdóttir, Hafdís Huld Þórólfsdóttir, Katrín Ósk Garðarsdóttir, Íris Hermannsdóttir, Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir, Guðrún Arna Björnsdóttir, Ólafur Örn Jónson, Arna Hrund Arnardóttir, Þórir Haraldur Þórisson, Elín Erna Ólafsdóttir, Sigrún Jónsdóttir, Kristín Kristjánsdóttir, Hrafnhildur Karla Jónsdóttir, Bjarni Brynjólfsson, Erla Gísladóttir, Hanna Björk Kristinsdóttir, Fanný Ósk Grímsdóttir, María Þorsteinsdóttir, Unnur Huld Sævarsdóttir, Anna Þóra Viðarsdóttir, Auðunn Arnórsson og Margrét Sveinbjörnsdóttir. Ársæll Guðmundsson skólameistari, Ásta Laufey Aðalsteinsdóttir aðstoðarskólameistari og Anton Már Gylfason, áfangastjóri.
Dagskrá: <ol style="list-style-type: none">1. Lög og tilgangur foreldraráðs2. Kosning fulltrúa í stjórn foreldraráðs3. Kosning áheyrnarfulltrúa foreldra í skólanefnd4. Önnur mál

Fundargerð: <p>Í upphafi fundar ávörpuðu Ársæll skólameistari og Ásta Laufey aðstoðarskólameistari fundinn, fögnuðu góðri þátttöku og lögðu áherslu á mikilvægi öflugs foreldrastarfs við skólann. Ársæll sagðist vilja nota þetta tækifæri til að svara eðlilegum áhyggjum foreldra sem spurðu hvers vegna skólinn hefði ekki haft samband við foreldra strax í kjölfar árásarinnar í skólanum 13. janúar. Skólastjórnendur þurftu að bregðast strax við, kalla til lögreglu, ræða við nemendur og starfsfólk. Fréttir af árásinni bárust um allt á svipstundu á samfélagsmiðlum, fjölmiðlar fluttu fréttir. Ársæll taldi mikilvægt að koma upplýsingum til foreldra í gegnum viðtöl við fjölmiðla.</p> <p>Anton Már áfangastjóri stýrði fundi.</p>
--



Borgarholtsskóli

Fundargerð

1. Lög og tilgangur foreldraráðs

Erla Gísladóttir, fráfarandi formaður foreldraráðs, kynnti lög og tilgang ráðsins. Einnig fór hún yfir helstu verkefni foreldraráðs undanfarin misseri. Hún benti á upplýsingar um foreldraráðið á vef skólans og Facebook-síðunni Foreldrar í Borgó. Loks þakkaði Erla skólastjórnendum fyrir gott samstarf sl. þrjú og hálf ár.

2. Kosning fulltrúa í stjórn foreldraráðs

Samkvæmt lögum ráðsins skal stjórn skipuð sex foreldrum/forráðamönnum nemenda, sem kosnir eru til tveggja ára í senn, þrjú annað hvert ár og þrjú hitt árið. Einnig skal kjósa tvo varamenn. Að auki kýs foreldraráð einn áheyrnarfulltrúa í skólanefnd.

Sjö foreldrar höfðu gefið kost á sér, sex mæður og einn faðir. Voru fleiri feður sérstaklega hvattir til að gefa kost á sér en ekki bárust önnur framboð á fundinum. Eru þessir sjö foreldrar því sjálfkjörnir og munu skipta með sér verkum á fyrsta fundi nýrrar stjórnar: Guðrún Arna Björnsdóttir, Guðrún Þórisdóttir, Helga Björg Dagbjartsdóttir, Hrafnhildur Karla Jónsdóttir, Judith Penrod, Margrét Sveinbjörnsdóttir og Ólafur Örn Jónson.

3. Kosning áheyrnarfulltrúa foreldra í skólanefnd

Áheyrnarfulltrúi verður kosinn á fyrsta fundi nýrrar stjórnar.

4. Önnur mál

Erlu var þakkað fyrir vel unnin störf í þágu foreldraráðs og nýir foreldrar boðnir velkomnir í stjórn.

Þá var komið að gestum fundarins, sem komu frá lögreglunni: Hildur Rún Björnsdóttir rannsóknarlögreglumáður og Einar Ásbjörnsson, fyrrverandi lögreglufulltrúi en nú sérfræðingur í málefnum barna. Þau opnuðu umræðuna í kjölfar árásarinnar í skólanum á dögnum og sátu fyrir svörum foreldra.

Þau Hildur og Einar lögðu áherslu á að árásin hefði ekki beinst að skólanum, hún hefði átt að fara fram annars staðar. Hins vegar töldu þau nokkuð ljóst að það hafi bjargað mannlífi að hún átti sér stað í skólanum og að stjórnendur og starfsfólk skólans hafi staðið mjög fagmannlega að öllum viðbrögðum. Rannsókn málsins er nú á lokastigi.

Rætt var hvort ástæða væri til að koma á öryggisgæslu eða aðgangstakmörkunum. Skólameistari svaraði því til að hann væri meðvitaður um að gæta þyrfti að öryggi nemenda hér eftir sem hingað til og að skólastjórar hefðu lengi verið í samtali við Ríkislögreglustjóra um viðbrögð við vá, en ekki væri tímabært að læsa skólanum eða hafa vakt við innganga.

Þá var rætt um áfallahjálp og fram kom að stór hópur nemenda (70–80) hefði nýtt sér þá aðstoð sem Miðgarður bauð í skólanum strax daginn eftir árásina og í vikunni þar á eftir. Einnig hefði aðstoð frá Grafarvogskirkju komið að góðu gagni. Spurt var hvort nálgast ætti nemendur sem hefðu ekki sjálfir leitað sér hjálpar en hefðu e.t.v. þörf fyrir hana. Ítrekað var að nemendum stæði alltaf til boða að tala



Borgarholtsskóli

Fundargerð

við náms- og starfsráðgjafa skólans ef þeim liði illa og þyrftu aðstoð.

Skólastjórnendur og lögregla hafa rætt við fjölda nemenda, þar á meðal þá sem að árásinni stóðu og fyrir henni urðu, ásamt foreldrum þeirra. Skólameistari lagði áherslu á að Borgarholtsskóli væri fyrst og fremst uppeldis- og menntastofnun. Leitað yrði leiða fyrir hvern og einn í góðu samstarfi og mikilvægt að koma öllum á góða braut, skólinn væri ekki með refsivönd á lofti. Hann sagðist hafa mikla trú á mennskunni og að allir ættu að eiga rétt á öðru tækifæri.

Dagskránni lauk svo á léttari nótum – með uppistandi Ara Eldjárn.

Fundargerð ritaði: Margrét Sveinbjörnsdóttir